

Fundur í skólanefnd

Þriðjudaginn 2. september 2014 kl. 16:15-18:00

Mættir voru: Dóra, Erna, Gunnar, Halldór, Halldóra, Hanna, Herdís, Lilja og Trausti.

Forföll boðuðu: Unnur og Þorkell.

Fundarstjóri: Erna

Fundarritari: Herdís

Erna setti fundinn og bauð nýjan fulltrúa nemenda, Halldóru Björgu Þorvaldsdóttur, velkomna í skólanefnd.

1. Nýtt starfsfólk og störf í FSH

Dóra fór yfir starfsmannalista skólans og kynnti störf hvers og eins á haustönn 2014.

2. Nemendatölur

Herdís sagði frá nemendatölum vorannar 2014 og kynnti aðgerðaáætlun til að fjölga nemendum úr Borgarhólsskóla en í haust innrituðust heldur færri nemendur úr Borgarhólsskóla en vonir stóðu til. Í ár innrituðust 69% nemenda úr 10. bekk Borgarhólsskóla í FSH en markmiðið er að fá a.m.k. 75% nemenda úr þessum hópi ár hvert. Farið var yfir leiðir til þess að þetta markmið mætti nást næsta vetur.

3. Framkvæmdir við skólann

Dóra greindi frá því að lyftu hefði verið komið fyrir í húsnæði skólans. Til stóð að lyftan yrði tilbúin í lok júlí en það dróst. Lyftan er þó komin í gagníð núna og er það skólanum mikið gleðiefni að geta boðið upp á betri þjónustu fyrir hreyfihamlaða einstaklinga. Frágangur að utan er eftir og stendur enn yfir.

4. Rekstur skólans

Dóra kynnti rekstraryfirlit fyrir fyrri hluta ársins 2014. Reksturinn er í samræmi við rekstraráætlun sem skilað var í desember 2013. Skólanum barst bréf í sumarbyrjun þar sem tilkynnt var um 12,8 m.kr. niðurskurð á fjárframlagi til skólans og skólinn beðinn um að skila inn nýrri rekstraráætlun í samræmi við það. Þar sem bréfið barst eftir að skólastarf haustannar hafði verið skipulagt er erfitt að bregðast við svo miklum niðurskurði. Skólameistari vinnur nú með fjármálastjóra að gerð nýrrar rekstraráætlunar. Rætt var um mikilvægi þess að skólinn héldi rekstrargólfi sínu framvegis en þar er um að ræða lágmarksframlag til að hægt sé að halda úti eðlilegu skólastarfi.

5. Námskráin

Herdís kynnti áætlun í námskrárgerð veturinn 2014-2015. Stefnt er að því að kennsla verði hafin samkvæmt nýrri námskrá haustið 2015. Enn hefur þó ekki verið tekin endanleg ákvörðun um einingafjölda á stúdentsbrautum en mjög ríður á að það verði gert sem fyrst. Jafnframt greindi Herdís frá stöðunni á þverfaglega áfanganum listum, menningu og vísindum. Laufey P. Magnúsdóttir, fyrrverandi skólameistari FSH, vann matsverkefni í tengslum við áfangann og hefur skilað niðurstöðum sínum til skólans. Tillögur hennar eru mjög gagnlegar og verður tekið mið af þeim við kennslu áfangans í vetur.

6. Nýskapandi samfélag í Norðurþingi

Dóra kynnti verkefnið Nýskapandi samfélag í Norðurþingi sem FSH er aðili að og vonast er til að farið verði af stað með næsta vetur. Markmið verkefnisins er að efla nýsköpunar- og frumkvöðlamennt á sem flestum skólastigum í Norðurþingi.

7. Nýbreytni í FSH

Dóra sagði frá nýjum áföngum í FSH, þ.e. smíðju (SMI193), mat og menningu (mat193) og námstækni og hvatningu (NÁM190). Þessir áfangar eru í kjarna framhaldsbrautar en jafnframt geta nemendur annarra brauta tekið áfangana í óbundnu vali.

8. Önnur mál

Erna ræddi um Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs sem Ingibjörg Gunnarsdóttir hlaut í ár. Ingibjörg útskrifaðist á sínum tíma frá FSH og í þakkarræðu sinni minntist hún á skólann.

Erna spurði út í stöðuna á verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli. Dóra sagði frá því að í ár væri áhersla lögð á lífsstíl og þar undir félli m.a. umræða um kynheilbrigði og vímuvarnir. Magnús Stefánsson frá Marita mun heimsækja skólann 10. september nk. og ræða um vímuvarnir og Sigga Dögg kynfræðingur mun koma í heimsókn 29. september og ræða við nemendur um kynheilbrigði. Jafnframt verður haldið áfram með verkefnið Heilsumarkmiðin mín í vetur.

Fleira var ekki rætt,
Fundi slitið